

10. ágúst 2006

7. tbl. - 3. árg.

# Kerhraunsfréttir

## Innheimtumál



Kæru Kerhraunarar

Það ber að þakka öllum þeim sem nú þegar hafa greitt framkvæmdagjöldin kærlega fyrir skjót viðbröð en betur má ef duga skal.

Þetta er sem sé ábending til þeirra sem eiga eftir að borga seðilinn.

**Takið þátt í Glitninshlaupinu og borgið seðilinn í leiðinni.**

Kveðjur, gjaldkeri

# Verzlunarmannahelgargleði

Sunnudagskvöldið 6. ágúst kl 21:00 kom saman þó nokkur hópur fólks í Kerhrauninu til að gera sér glaðan dag, nei, glaða kvöldstund og varð úr þessu hin besta skemmtun.

Sóley stjórnarkona mætti á staðinn með skipulagsuppráttinn og fljótlega fóru að koma tillögur um hvernig mætti skipulegga stóra útivistarsvæðið í Kerhrauninu.

Margar skemmtilegar hugmyndir komu frá fólki svo sem golfvöllur og þá helst 18 holu völlum, :)) þetta er sko grín því 9 holu völlum nægir alveg, fótboltavöllur og leiktæki fyrir börnin, ÞJONUSTUMIÐSTÖÐIN bar einnig á góma og liggur við að búið sé að ráða starfsmann þar.

Eftir að Guðrún formaður hafði dregið REYKA vodkann úr BOSS töskunni þá var öllum boðið í glas sem það vildu og var það mál manna að vodkinn virkaði mjög vel á mannlíkamann og alls ekkert REIKANDI.

Þegar hingað var komið áttaði fólk sig á því að gleymst hafði að nefna gerð göngustíga og var það snarlega skráð á blað.

Seinna lá leið okkar upp á efra svæðið en þar er annað útivistarsvæði og þá kom í ljós þessi þá ægífagri dalur með kjörsvæði fyrir alls konar uppákomur s.s. grill, jafnvel söngleikjahald (aðeins Kerhraunarar munu þó fá að koma fram) og tóku þeir Georg og Hafsteinn lagið og lofaði það mjög góðu þó óraddað væri.

Síðan var rölt um svæðið og skoðuð verk manna og má segja að við megum vera mjög stolt af því sem við erum að gera og er þetta þá þegar orðið fyrirmyndar samfélag.

Eftirfarandi myndir voru teknar til að sýna þeim sem ekki voru á staðunum og vekja áhuga fyrir að mæta á sama tíma að ári.



**Hvað þykist Guðrún formaður eiginlega vera?**



Hvað heitir nýji golfvallarstjórinn ?

